



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Umræðuskjal

nr. 2/2013

Drög að reglum um heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti fjármálafyrirtækja

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 13. mars nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna regludraga þessara.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Lög og tilmæli“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“.

Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@fme.is.

20. febrúar 2013

DRÖG AÐ REGLUM

um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja

I. KAFLI

Almennt

1. gr.

Gildissvið

Reglurnar fjalla um þær meginreglur sem almennt teljast til eðlilegra og heilbrigðra viðskiptahátta fjármálafyrirtækja skv. 1. mgr. 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Reglurnar tilgreina þó ekki með tæmandi hætti hvað telst til eðlilegra og heilbrigðra viðskiptahátta. Jafnframt eru reglurnar settar með fyrirvara um betri rétt neytenda samkvæmt lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, lögum um neytendalán og reglugerðum og reglum sem settar eru á grundvelli framangreindra laga svo og ákvörðunum Neytendastofu.

Með viðskiptaháttum samkvæmt reglum þessum er átt við viðskiptahætti í innri og ytri starfsemi fjármálafyrirtækja, sbr. II. og III. kafla.

2. gr.

Markmið

Markmið reglnanna er að stuðla að því að fjármálafyrirtæki starfi í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði ásamt því að auka traust og trúverðugleika á fjármálamarkaði. Jafnframt eiga reglurnar að stuðla að því að fjármálafyrirtæki séu rekin á heilbrigðan og eðlilegan hátt með hagsmunum viðskiptamanna, hluthafa, stofnfjáreigenda og alls þjóðarbúsins að leiðarljósi.

3. gr.

Mat á eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort fjármálafyrirtæki starfi í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði óháð því hvort ákvæði laga eða reglna hafi verið brotin.

Mat Fjármálaeftirlitsins grundvallast á:

1. ákvæðum laga, reglugerða og reglna sem gilda um starfsemina, markmiðum og tilgangi þeirra,
2. leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins,
3. tilkynningum og ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins,
4. samþykktum, innri reglum og viðmiðum fjármálafyrirtækis,
5. siðareglum og öðrum viðmiðum sem eiga við um starfsemina,
6. viðteknum venjum á fjármálamarkaði,
7. hlutverki og eðli starfseminnar, og
8. öðrum atriðum, en skv. 1.-7. tölul., þegar málsatvik gefa tilefni til.

II. KAFLI

Innri starfsemi fjármálafyrirtækja

4. gr.

Skilgreining á innri starfsemi

Með innri starfsemi er átt við þá þætti í starfsemi fjármálafyrirtækis sem snúa að rekstri þess, uppbyggingu og stjórnarháttum.

Undanskilið innri starfsemi samkvæmt reglum þessum eru:

1. málefni sem snúa að viðskiptamönnum, sbr. III. kafla,
2. vinnuréttarsamband fjármálafyrirtækis og einstakra starfsmanna þess, og
3. viðskiptasamband fjármálafyrirtækis við einstaka þjónustuaðila.

5. gr.

Viðskiptahættir í innri starfsemi

Fjármálafyrirtæki skal hafa yfir að ráða og nýta á skilvirkan hátt mannauð, stefnu, aðferðir og eftirlitskerfi sem nauðsynleg þykja til að framfylgja reglum þessum. Í framangreindu felst m.a. að fjármálafyrirtæki búi yfir öfluglu innra eftirliti og sjái til þess að starfsmenn hljóti þá þjálfun sem nauðsynleg er.

Fjármálafyrirtæki ber að setja innri reglur og/eða viðmið um lykilþætti starfseminnar.

Það telst til heilbrigðra og eðlilegra viðskiptahátta að fjármálafyrirtæki fylgi innri reglum og viðmiðum.

Fjármálafyrirtæki skulu gæta að óhæði einstakra starfsmanna við meðferð mála þannig að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra.

6. gr.

Stjórnarhættir

Fjármálafyrirtækjum ber að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sbr. 3. mgr. 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

7. gr.

Útvistun

Ábyrgð fjármálafyrirtækis helst óbreytt þótt það feli öðrum aðila hluta af verkefnum sínum samkvæmt þjónustusamningi.

Fjármálafyrirtæki ber að hafa eftirlit með útvistuðum verkefnum og tryggja að útvistunaraðili hafi næga þekkingu og uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til hlutaðeigandi verkefnis.

III. KAFLI

Ytri starfsemi fjármálafyrirtækja

8. gr.

Skilgreining á ytri starfsemi

Með ytri starfsemi er átt við þá þætti í starfsemi fjármálafyrirtækis sem snúa að viðskiptaháttum fyrirtækisins gagnvart viðskiptamönnum þess. Viðskiptamaður getur hvort sem er verið einstaklingur eða lögaðili.

9. gr.

Viðskiptahættir í ytri starfsemi

Með viðskiptasambandi stofnast trúnaðarskylda fjármálafyrirtækis gagnvart viðskiptamanni. Því skal fjármálafyrirtæki, í samskiptum sínum við viðskiptamenn, tryggja að:

1. það starfi á heiðarlegan og réttlátan hátt og annist viðskipti sín af fagmennsku og kostgæfni með hagsmuni viðskiptamanna og trúverðugleika fjármálamarkaðarins að leiðarljósi,
2. allar viðeigandi upplýsingar um vöru og þjónustu, þ. á m. um allan kostnað, séu veittar á skýran og skiljanlegan hátt, áður en viðskipti fara fram og meðan á viðskiptasambandi stendur,
3. upplýsingar um vöru og þjónustu séu hvorki misvísandi né blekkjandi,
4. áður en viðskipti með vöru eða þjónustu fara fram, að nauðsynlegra og nægjanlegra upplýsinga sé aflað frá viðskiptamanni,
5. viðskiptamanni séu veittar allar nauðsynlegar upplýsingar er varðar viðskiptasambandið,
6. viðskiptamaður sé ekki beittur óeðlilegum þrýstingi til að hafa áhrif á ákvörðun hans,
7. komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra, og
8. stefnur, verklag og framkvæmd starfa fjármálafyrirtækis takmarki ekki eða komi með óeðlilegum hætti í veg fyrir aðgengi að almennri fjármálaþjónustu.

10. gr.

Meðhöndlun kvartana

Fjármálafyrirtæki skal, í samskiptum við viðskiptamenni sína, tryggja að fyrirspurnir, kvartanir og önnur sambærileg erindi fái skjóta, skilvirka og sanngjarna afgreiðslu.

Fjármálafyrirtæki skal hafa aðgengilegar upplýsingar um úrskurðar- og réttarúrræði viðskiptamanna sinna ef einkaréttarlegur ágreiningur rís milli viðskiptamanns og fjármálafyrirtækis, m.a. um málskot til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sbr. 1. mgr. 19. gr. a laga um fjármálafyrirtæki.

IV. KAFLI Ýmis ákvæði

11. gr. *Eftirlit*

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja sem fellur undir ákvæði reglna þessara. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

12. gr. *Gagnsæi*

Fjármálaeftirlitið birtir niðurstöður í málum og athugunum er varða eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti á fjármálamarkaði skv. 9. gr. a laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og í samræmi við gagnsæisstefnu stofnunarinnar. Með birtingu er hér átt við birtingu á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðeigandi fjármálafyrirtækjum niðurstöður í málum og athugunum er varða eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, eftir því sem við á.

13. gr. *Viðurlög*

Brot gegn reglum þessum geta varðað:

1. stjórnvaldssektum, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 110. gr. laga um fjármálafyrirtæki.
2. sektum eða fangelsi, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 112. gr. b laga um fjármálafyrirtæki.

14. gr. *Gildistaka*

Reglurnar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki og öðlast þegar gildi.

Fjármálaeftirlitinu, [dd. mmmm áááá]

Unnur Gunnarsdóttir

Halldóra E. Ólafsdóttir